

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 40. gr. laga um fjaraskipti nr. 143/1996 og í samræmi við tilskipun 96/98/EB um skipsbúnað. Reglugerð þessi staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 18. ágúst 1998.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Borgarness.**

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Borgarness er taki gildi 1. september 1998.

Gjaldskrá Hitaveitu Borgarness nr. 198 30. mars 1998 verður þannig:

3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- a) Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 67,67 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
- b) Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 90,16 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
- c) Gjald vegna vatnsnotkunar íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi skal vera 50% af a-lið gjaldskrár.

Gjald leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

Iðnaðarráðuneytinu, 25. ágúst 1998.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Helga Halldórsdóttir.

AUGLÝSING**um deiliskipulag sumarhúsasvæðis, svæðis fyrir hjólhýsi, húsbíla og tjaldvagna í skógarlandi Lunds í Hálshreppi.**

Hreppsnefnd Hálshrepps hefur samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.br. samþykkt deiliskipulag sumarhúsasvæðis, svæðis fyrir hjólhýsi, húsbíla og tjaldvagna í landi Lunds, Hálshreppi. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Illugastöðum, 15. ágúst 1998.

F.h. hreppsnefndar Hálshrepps,

Jón Þ. Óskarsson oddviti.